



Fréttatilkynning

18 March 2024 10:50:00 GMT

Arion banki: Tilkynning til eigenda sértryggðra skuldabréfa í evrum ISIN XS2391348740 og ISIN: XS2500208991

Breyttir og endurgerðir lokaskilmálar og viðbótar samningur um skilmála

Arion banki hf. hefur þann 15. mars 2024 undirgengist viðbótar umboðssamning (e. supplemental agency agreement) í því skyni að breyta og endurgera lokaskilmála seríu 2021-1 hluti 1 sértryggðra skuldabréfa, dags. 1. október 2021 (ISIN: XS2391348740) („**lokaskilmálar seríu 2021-1 hluti 1**“), lokaskilmála seríu 2021-1 hluti 2 sértryggðra skuldabréfa, dags. 6. apríl 2022 (ISIN: XS2391348740) („**lokaskilmálar seríu 2021-1 hluti 2**“), og saman með lokaskilmálum seríu 2021-1 hluti 1, „**lokaskilmálar seríu 2021-1**“ og sería 2021-2 sértryggð skuldabréf, dags. 5. júlí 2022 (ISIN: XS2500208991) („**lokaskilmálar seríu 2021-2**“ og saman með lokaskilmálum seríu 2021-1, „**lokaskilmálar**“.

Arion banki hf. hefur jafnframt undirgengist viðbótar samning um skilmála vegna seríu 2021-1 (ISIN: XS2391348740) og seríu 2021-2 (ISIN: XS2500208991) sértryggðu skuldabréfanna.

Viðbótar umboðssamningurinn, viðbótar samningur um skilmála og breyttir og endurgerðir lokaskilmálar eru í viðhengi með þessari tilkynningu.

Fyrirvari – ætlaðir viðtakendur

Viðbótar umboðssamningurinn, breyttir og endurgerðir lokaskilmálar og viðbótar samningur um skilmála eru ekki boð um sölu verðbréfa í Bandaríkjunum. Þetta er ekki ætlað til dreifingar í Bandaríkjunum. Þeim verðbréfum sem er lýst hér, hafa ekki, og verða ekki, skráð undir bandarísku verðbréfalöggjöfinni (e. U.S. Securities Act of 1933) frá 1933, með síðari breytingum eða undir einhverri tengdri verðbréfalöggjöf í einhverju fylki Bandaríkjanna og eru útsett fyrir kröfum bandarískrar skattalöggjafar. Að nokkrum undantekningum undanskildum, þá má ekki bjóða verðbréfin eða selja þau innan Bandaríkjanna, eða til, fyrir eða til hagsbóta fyrir, bandarískra aðila (e. U.S. Persons) eða aðila innan Bandaríkjanna, eins og slíkir aðilar eru skilgreindir í reglugerð S (e. Regulation S) undir bandarísku verðbréfalöggjöfinni. Það verður ekkert opinbert útboð á verðbréfunum í Bandaríkjunum. Réttur viðtakanda til að fá þessi réttindi er háður ofangreindum skilyrðum.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion Bank CB Supplemental Agency Agreement](#)

[Arion Bank CB Supplemental Deed Of Covenant](#)

[Arion Bank CB AR Series 2021 1 Final Terms \(Tranche 1\) Amended And Restated](#)

[Arion Bank CB AR Series 2021 1 Final Terms \(Tranche 2\) Amended And Restated](#)

[Arion Bank CB AR Series 2021 2 Final Terms Amended And Restated](#)

[Arion banki: Tilkynning til eigenda sértryggðra skuldabréfa í evrum ISIN XS2391348740 og ISIN: XS2500208991](#)